

Fundur hjá Foreldrafélaginu 4.9.2007 kl.17-19.

Mættir voru: Helga, Arna, María Fjóla, Svandís, Theódóra, Hjálfríður, Kalla, Solveig og Ragnheiður frá Foreldrafélaginu og Margrét frá Selinu.

1. Stjórn ákvað að skipta með sér verkum: Helga formaður, Solveig gjaldkeri og Ragnheiður ritari.
2. Margrét frá Selinu var mætt og var ákveðið að byrja dagskrána á að taka fyrir málefni unglinga.
 - Margrét gerði grein fyrir opnunartíma Selsins í vetur og helstu skemmtunum. 7.bekkur verður á þriðjudögum en aðrir bekkir virka daga. Opið frá 13 - 22 en lokað í kvöldmatartíma 19 - 20. Fræðslumánuðir verða í selinu í október og febrúar. Margrét ætlar að senda okkur dagskrána fyrir Selið í vetur til að minnka líkur á að við séum að rekast á með fundi og aðra starfsemi.
 - Samstarf Selsins og Valhúsaskóla verður aukið frá áramótum varðandi skemmtanir og ferðalög.
 - Rætt var um fyrirkomulag foreldrarölsins, reynt að fá foreldra til að skrá sig á námsefniskynningu. Einnig var rætt um hvort ástæða væri að skipa sérstaka nefnd til að sjá um foreldrarölt. Gætu þeir aðilar þá verið í sambandi við áfengis og vímuvarnaráð og Securitas sem sér um hverfagæslu.
 - Rætt var um að húsnaði Selsins gæti verið betra . Búið er að loka plássi sem hljómsveitir höfðu til æfinga af öryggisástæðum (brunavarnir). Reynt verður að þrýsta á bæjarstjórn að gera úrbætur. Margrét vék af fundi.
3. Gengið var frá umsjón með viðburðum vetrarins:
 - Laufabrauð – 24. nóv. (Kalla og Hjalla)
 - Bókakynning – 5 des. (Helga og Sollí)
 - 13. brenna (Theódóra og Ragnheiður)
 - Öskudagur – 6 feb. (Helga og Arna)
 - Vorhátíð – 4 júní (Helga)
 - Lokaball 10. bekkjar 6 júní
4. Peningamál. Solveig upplýsti að peningastaða félagsins væri í fínu lagi. Ákveðið var að halda félagsgjöldum óbreyttum.
5. Heimasíða félagsins: Svandís ætlar að sjá um að uppfæra hana í vetur.
6. Önnur mál:
 - Ákveðið var að kalla saman bekkjarfulltrúa 25.september.
 - Athuga með hljóðkerfi fyrir Való.
 - Áætlað er að hafa fræðslufund 16.október. Hafa samband við Sjöfn áður og fá upplýsingar um kynningar/námskeið.